

3 Því til konungs, er þjer senduð hingað með þóknanlegu brjefi yðar dags. 28. nóvbr. f. 13. jan. á., vil jeg hjer með, samkvæmt því sem fyrir mig er lagt í nefndu konungsbrjefi, þjónustusamlega skora á yður að kunngjóra innihald konungsbrjefsins þeim sem hluteiga að máli og á þann hátt er yður þykir hagfelldastur.

Konungsbrjefið hljóðar þannig:

Eptir að ávarp það útaf bruna Kristjánsborgar frá embættismönnum og borgurum í Reykjavík, er þú allraþegnsamlegast sendir Oss með skýrslu þinni 16. p. m., hefur allraþegnsamlegast verið lagt fyrir Oss, viljum Vjer nú allramildilegast bjóða þjer að flytja þeim, er undir ávarpið hafa ritað, mildilegasta kveðju Vora og þökk, og að láta tjá þeim, að Oss hafi þókt innilega vænt um að fá þetta heita ávarp frá Íslendingum í viðbót við öll þau merki um hluttekningu í sorginni yfir þessum slysalega hallarbruna, sem Vjer höfum meðtekið frá öllum hjeruðum landsins.

Vjer sjáum í þessu með ánægju vott þess, að Íslendingar halda ennþá óskertri þeirri hollustu og þegnlegu ást til konungs síns, sem svo ríkulega kom í ljós á hinum ógleymanlegu dvalarstundum Vorum á meðal þeirra.

Felandi þig Guði.

4 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um meðferð á peningafundi. 14. jan. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 24. okt. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, lagt þá spurningu undir úrlausn ráðgjafans, hvað gjöra skuli við nokkra danska silfurpeninga frá ríkisárum Friðriks VI, Kristjáns VIII og Friðriks VII, sem Benedikt húsmaður Sigurðsson hefur fundið í jötu í fjárhúsi á jörðinni Kambi í Holtamannahreppi í Rangárvallasýslu, án þess að menn viti hver hefur látið þessa peninga á nefndan stað.

Útaf þessu skal eigi látið hjálíða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að með því að mótun peninga þeirra, er hjer ræðir um, sýnir, að eigi getur verið lengra síðan þeir hafa verið látnir í jötuna en svo, að vel getur verið, að einhver núlifandi maður eigi þá, verður ráðgjafinn að álíta, að peningar þessir eigi að skoðast sem hvert annað fundið fje - sbr. hæstarjettardóm 18. nóv. 1861 (Hæstarjettartíðindi, bls. 555) — og að þessvegna eigi með tilliti til þeirra að fara eptir þeim reglum, sem um það gilda.

5

Á g r i p

af reikningum nokkurra sjóða, sem eru undir stjórn biskups, fyrir árið 1884.

I. Prestaekknasjóðurinn.

Tekjur.

1. Sjóður við árslok 1883	kr. 15820,70
2. Tillög og gjafir:	
a. presta ¹	kr. 24,00
b. biskupsins	— 20,00 — 44,00
	Flyt kr. 15864,70

1) frá Brynjólfi Jónssyni á Vestmannaeyjum 4 kr.
 — Gunnari Ólafssyni á Höfða 2 —
 — Jóni Reykjalin á Þönglabakka 2 —

Fluttar kr. 15864,70 5

3. Vextir á árinu:

a. af veðskuldabrfjefum	kr. 547,00	
b. — ríkisskuldabrfjefi	— 64,00	
c. — innstæðu í sparissjóði	— 11,91	
d. Útistandandi vextir frá f. á.	— 42,00	— 664,91
		<u>Samtals kr. 16529,61</u>

Gjöld.

1. Uthlutað á synodus til prestaekknna	kr. 300,00	
2. Móti tekjulið 3. d. færast til útgjalda	— 42,00	
3. Úr eptirstöðvunum nemast, sem tapaðar við gjaldprot hlutaveltunnar		— 50,00
4. Sjóður við árslok 1884.		
a. í veðskuldabrfjefum	kr. 14140,00	
b. - ríkisskuldabrfjefi	— 1600,00	
c. - sparissjóði	— 110,34	
d. - útistandandi vöxtum	— 69,58	
e. - peningum hjá gjaldkera	— 217,69	— 16137,61
		<u>Samtals kr. 16529,61</u>

II. Gjafasjóður Guttorms prests Forsteinssonar.

Tekjur.

1. Sjóður við árslok 1883	kr. 1902,70	
2. Vextir á árinu:		
a. af ríkisskuldabrfjefum	kr. 33,45	
b. — veðskuldabrfjefum	— 28,00	
c. — innstæðu í sparissjóði	— 12,49	
d. — útistandandi vöxtum f. á.	— 8,00	— 81,94
		<u>Samtals kr. 1984,64</u>

Gjöld.

1. Móti tekjulið 2, d. færast gjaldamegin	kr. 8,00	
2. Sjóður við árslok 1884		
a. Ríkisskuldabrfjef	kr. 836,27	
b. Veðskuldabrfjef	— 700,00	
c. Útistandandi vextir	— 8,00	
d. í sparissjóði	— 370,92	
a. í vörzlum gjaldkera	— 61,45	kr. 1976,64
		<u>Samtals kr. 1984,64</u>

frá Zofoníasi Halldórssyni í Goðdölum	5 kr.
— Daníel Halldórssyni á Hólmum	4 —
— Hjörleifi Guttormssyni á Völlum	2 —
— Arnljóti Ólafssyni á Bægisá	1 —
— Þórhalli Bjarnarsyni í Reykholti	4 —

III. *Sjóður af árgjöldum brauða.*

		Tekjur.	
1.	Sjóður við árslok 1883		kr. 2067,47
2.	Vextir á árinu:		
	a. af ríkisskuldabryfi	kr. 8,00	
	b. af veðskuldabryfi	— 74,40	— 82,40
			Samtals kr. 2149,87
		Gjöld.	
1.	Úthlutað á synodus		kr. 89,87
2.	Sjóður við árslok 1884:		
	a. ríkisskuldabryfi	kr. 200,00	
	b. veðskuldabryfi	— 1 ⁶⁰ 60,00	— 2060,87
			Samtals 2149,87

IV. *Sjóður fátækra ekkna í Norðurlandi einkum Hegranesþingi.*

		Tekjur.	
1.	Sjóður við árslok 1883		kr. 1595,19
2.	Vextir á árinu:		
	a. af ríkisskuldabryfi	kr. 11,04	
	b. af veðskuldabryfi	— 52,00	— 63,04
3.	Til jafnaðar við gjöldin 2. c færast		— 16,00
			Samtals 1674,23
		Gjöld.	
1.	Úthlutað ekkjum í Skagafirði		kr. 82,23
2.	Sjóður við árslok 1884:		
	a. ríkisskuldabryfi	kr. 276,00	
	b. veðskuldabryfi	— 1300,00	
	c. útistandandi vextir	— 16,00	— 1592,00
			Samtals kr. 1674,23

Skrifstofu biskupsins yfir Íslandi. Reykjavík 31. desbr. 1884.

P. Pjetursson.

Yfirlit

yfir fjárhag sýsluvegasjóða í norður- og austuramtinu 1883.

		Tekjur.		Kr. a.
1.	Húnavatnssýsla:	kr. a.		
	Eign frá fyrra ári	859 74		
	Sýsluvegagjald	1050 77		
	Tillag úr landssjóði 1882	336 00		
	Aðrar tekjur	42 50		2289 01
2.	Skagafjarðarsýsla ¹ :			
	Sýsluvegagjald	1025 42		
	Tillag úr landssjóði 1883	174 »		
	Skuld til næsta árs.	35 19		1234 61

1) Sbr. skýrslur um fundi amtsráðsins 4., 5. og 7. jan. 18. b, og 1, og 2. ágúst f. á. 29. b.